

og brauð í 2×5 daga. Svo ber honum og að greiða allan af málinu bæði í hjerði og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Um meðferð málsins í hjerði verður að athuga, að þó að hinn ákærði þegar í stað hinn 6. sept. f. á. gæfi fullkomna og ótortryggilega skýrslu í málinu, var hann eptir úrskurði dómars hafður í varðhaldi frá nefndum degi til 16. s. m., en til þessa varðhalds þykir yfirdóminum eigi hafa verið nægileg ástæða. Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Guðmundur Ásgeirsson á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga og greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, settra málaflutningsmanna, Ásmundar Sveinssonar og Hannesar Hafstein, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 6/1891:

Árni Pjetursson  
gegn

Eggert Laxdal

D ó m u r:

Atvik máls þessa eru þau, að í októbermánuði síð-

astliðnum var áfrýjandinn, kaupmaður á Akureyri Árni Pjetursson, staddur í búð eða á heimili verzlunarborgara nokkurs á Akureyri og tók þá upp á því — án þess það sjáist á málinu, hver tilgangur hans var með því — að mæla með vínandamæli styrkleika brennivíns, er borgarinn átti þar á flösku og hafði keypt hjá stefnda verzlunarstjóra Eggert Laxdal á Akureyri, en við mælinguna voru viðstaddir borgarinn og 2 menn aðrir, og leit annar þessara síðarnefndu á mælinn með áfrýjandanum, og kom þeim saman um, að brennivínið væri liðlega  $6^{1/2}$ ". Mæling þessi og sú niðurstaða, er á henni varð, barst nú til eyrna stefnda, og með því honum þótti sjer og verzlun sinni ófrægning gjörð með ummælum, er höfð voru eptir áfrýjanda út af mælingunni, að áminnt brennivín, er var keypt hjá stefnda, væri  $6^{1/2}$ ° að styrkleika, þá höfðaði stefndi mál þetta gegn áfrýjanda og krafðist þess, að nefnd ummæli áfrýjanda væru ómerk dæmd og að hann borgaði sjer bætur fyrir »Tort og Creditspilde«, svo og sekt til fátækra fyrir »álýgina«, og allan málskostnað. Málið var síðan dæmt í aukarjetti Akureyrar 4. des. f. á. þannig, að ummæli áfrýjandans, »að brennivín það, er sækjandinn, verzlunarstjóri Eggert Laxdal, selji, sje ekki nema  $6^{1/2}$ ° að styrkleika«, skyldu dauð og ómerk vera og áfrýjandinn greiða stefnda 6 kr. í málskostnað.

Áfrýjandinn, sem hefur stefnt málinu til yfirdómsins með stefnu, dags. 5. febr. þ. á., hefur krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að hann verði algjörlega sýkn dæmdur í málinu og hinn áfrýjaði dómur ómerkur gjör, að því er mortificationsákvæði hans og málskostnaðarákvæði snertir, en að stefndi verði dæmdur til að greiða sjer allan málskostnað fyrir báðum rjettum með 100 kr.

eða einhverju að rjettarins mati nægilegu, svo og að áfrýjandi verði dæmdur í sekt fyrir óþarfa þætu. Hinn stefndi hefur eigi mætt nje látið mæta fyrir sig í yfirdóminum.

Ofangreind ummæli áfrýjanda, sem eigi verður ljóslega sjeð af málinu, hvenær hann hefur látið sjer um munn fara, um styrkleika brennivíns þess úr verzlun stefnda, er hann mældi, geta nú alls eigi álitizt ærumeiðandi fyrir stefnda eða yfir höfuð í neinu saknæm, því síður sem þau voru að öllu leyti samkvæm niðurstöðu þeirri um styrkleika brennivínsins, er hann komst að við mælingu sína á því, og það getur engan mun gjört í þessu tilliti, að það virðist mega álíta sannað í málinu, að brennivínið hafi haft meiri styrkleika, og að mælingin því, sakir kunnáttuleysis áfrýjanda að mælingu víns, hafi verið skökk. Það var því eigi heldur nein ástæða til að dæma hin átöldu ummæli dauð og ómerk — og því síður yfirgripsmeiri ummæli, eins og gjört er í dóminum—og verður því að breyta hinum áfrýjanda dómi að því leyti. Eptir atvikum málsins þykir rjett, að stefndi greiði áfrýjanda í málskostnað fyrir undir- og yfirrjetti 25 kr., en kröfu áfrýjanda um sekt á stefnda fyrir óþarfa þætu er eigi næg ástæða til að taka til greina.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, kaupmaður Árni Þjetursson, á fyrir öllum kærur og kröfum stefnda, verzlunarstjóra Eggerts Laxdal, í þessu máli sýkn að vera. Stefndi greiði áfrýjanda í málskostnað fyrir undir- og yfir-

dómi 25 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lög-  
birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 29. júnímánaðar.  
Nr. 33/1890. Beneficiarius Helgafellsstaðar  
gegn  
Sigfúsi Eymundssyni,  
eiganda Hofsstæða

#### Dómur:

Þegar hinn stefndi, ljósmyndari Sigfús Eymundsson, hafði skrásett landamerki eignarjarðar sinnar, Hofsstæða í Mikla-  
holtshreppi, neitaði áfrýjandinn, beneficiarius Helgafellsstað-  
ar Eiríkur prófastur Kúld, að samþykkja landamerkjaskrána  
fyrir hönd staðarins, og voru það þessi 2 ákvæði í skránni,  
sem hann vefengdi: »Jörðin (þ: Hofsstæðir) á alla veiði í  
Straumfjarðará fyrir sínu landi«, og »Reka á jörðin all-  
an frá Grensá til Guðlaugshamars, en hálfan reka það-  
an í stólpa þann, sem stendur fyrir Brekkubæ. Ískyld-  
ur, kvadir eða ítök hvíla eigi á jörðinni«. Höfðaði þá  
Sigfús Eymundsson mál á móti nefndum beneficiarius,  
og var það dæmt í landamerkjadómi Snæfellsness- og  
Hnappadalssýslu hinn 24. og 25. júlí f. á., á þá leið  
að jörðin Hofsstæðir ætti alla veiði í Straumfjarðará fyrir  
sínu landi, en tilkalli Sigfúsar Eymundssonar til reka  
fyrir Melkotslandi var frávísað. Sækjandi fyrir landa-  
merkjadóminum var skyldaður til að greiða upp í máls-  
kostnað til dómenda 106 kr., en að öðru leyti var kostna-  
ðurinn látinn falla niður. Dómi þessum hefur bene-  
ficiarius Helgafellsstaðar, sem fengið hefur gjafsókn og  
skipaðan málflutningsmann bæði í hjerði og fyrir yfir-